

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 – 2001

13. febrúar 2001

217

Nr. 115

REGLUR

um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands.

Eftirfarandi reglur gilda um viðskipti Seðlabanka Íslands og þeirra lánastofnana sem eiga innstæðu á sérstökum bindireikningi í Seðlabankanum skv. reglum þar um:

1. Viðskiptareikningar og bindireikningar.

1.1 Innstæður á viðskiptareikningum.

Af innstæðu á viðskiptareikningi reiknast dagvextir skv. vaxtatlýkningu Seðlabankans og færast þeir í árslok. Vaxtadagur inn- og útborgana er afgreiðsludagurinn nema sérstaklega sé um annað samið. Seðlabankinn getur án fyrirvara breytt kjörum viðskiptareikninga.

1.2 Innstæður á bindireikningum.

Af innstæðum á bindireikningum reiknast dagvextir. Af meðalinnstæðu á bindireikningi, sem svarar í hverjum mánuði til bindiskyldrar fjárhæðar, greiðast vextir bundinna innstæðna skv. vaxtatlýkningu Seðlabankans og færast mánaðarlega, en af innstæðu umfram þá fjárhæð greiðast vextir viðskiptareikninga, sbr. tölulið 1.1 að ofan, og færast þá í árslok.

1.3 Yfirdráttur.

Yfirdráttur á viðskiptareikningi er óheimill. Hafi engu að síður orðið óheimill yfirdráttur, t.d. vegna skjalaskipta, skal hlutaðeigandi lánastofnun án tafar eyða honum með því að fá daglán hjá Seðlabanka Íslands, sbr. 4. tölulið, og fá lánið vaxtafært með gildistöku þann dag sem yfirdráttur telst hafa myndast og skal sá dagur teljast fyrsti vaxtadagur lánsins. Við slíka færslu greiðist 0,01% gjald fyrir hvern dag sem það er gert. Hlutaðeigandi lánastofnun skal óska eftir fyrirgreiðslunni eigi síðar en kl. 10.30 á fyrsta almennum viðskiptadegi eftir að yfirdráttur myndaðist. Til tryggingar dagláninu skal lánastofnunin setja að veði verðbréf sem hæf eru til endurhverfra viðskipta skv. 3. tölulið. Bréfin skulu varðveitt í Seðlabanka Íslands.

2. Innstæðubréf.

Seðlabanki Íslands selur 14 daga og 90 daga innstæðubréf eftir ákvörðun bankastjórnar hverju sinni. Innstæðubréf með 14 daga binditíma verða seld á uppboðum sem verða tilkynnt sérstaklega.

Innstæðubréf með 90 daga binditíma verða seld hverju sinni að ósk kaupanda, en Seðlabanki Íslands getur þó fyrirvaralaust hætt sölu þeirra. Af innstæðubréfum þessum reiknast fastir, eftirgreiddir vextir. Beiðni um kaup þeirra skal berast peningamálasviði bankans og verður hún afgreidd samdægurs ef hún berst fyrir kl. 15.00. Sé afgreiðslu Seðlabankans og innlánsstofnana lokað kl. 12.00 skal beiðni um kaup innstæðubréfa berast fyrir kl. 11.30.

3. Endurhverf verðbréfavíðskipti.

Seðlabanki Íslands efnir að jafnaði til uppboðs á endurhverfum verðbréfasamningum á þriðjudegi í hverri viku. Samningstími endurhverfra víðskipta er 14 dagar. Sé afgreiðsla Seðlabankans og innlánsstofnana lokuð á þriðjudegi fer uppboð fram næsta víðskiptadag á eftir, og styttist þá samningstíminn sem því nemur. Sé afgreiðsla Seðlabankans og innlánsstofnana lokuð á gjalddaga færist hann til næsta víðskiptadags á eftir, og lengist þá samningstíminn sem því nemur.

Seðlabanki Íslands mun hverju sinni tilkynna þátttakendum um uppboðsskilmála eigi síðar en kl. 10.00 á mánudegi, meðal annars hvort bankinn býðst til að kaupa eða selja verðbréf. Þegar svo stendur á kunna einnig að verða boðin til sölu 14 daga innstæðubréf. Sé afgreiðsla Seðlabankans og innlánsstofnana lokuð á mánudegi tilkynnir bankinn um uppboðsskilmála eftir kl. 16.00 síðasta víðskiptadag fyrir uppboðsdag. Ýmist verður um að ræða fastverðsuppboð, þ.e. ávöxtun verður ákveðin fyrirfram, eða verðuppboð, en þá ræðst ávöxtun af tilboðum.

Hæf verðbréf í endurhverfum víðskiptum Seðlabanka Íslands eru innstæðubréf bankans, ríkisvixlar og önnur ríkistryggð verðbréf úr markflokki eins og þeir eru skilgreindir á hverjum tíma og skráðir eru á Verðbréfaþingi Íslands hf. Hæfir verðbréfaflokkar eru taldir upp í viðauka við reglur þessar og er hann breytanlegur af hálfu Seðlabankans án fyrirvara. Verðbréfin skulu að jafnaði valin þannig að ekki sé um að ræða bréf með gjalddaga fyrir lok samningstímans. Séu bréf dregin út á samningstímanum, og óski seljandi eftir því að fá þau afhent, skal hann leggja fram ný hæf verðbréf, og skal þá matsverð þeirra vera a.m.k. jafnhátt og matsverð hinna útdregnu verðbréfa.

Frágangur endurhverfra víðskipta eða sölu 14 daga innstæðubréfa skal fara fram á uppboðsdegi. Ef verðbréf, sem Seðlabankinn er kaupandi að, hafa ekki borist Seðlabankanum fyrir kl. 15.00 þann dag þá getur Seðlabankinn fellt niður víðskiptin.

Þegar ávöxtun ræðst af tilboðum lánastofnana skal miða við lægstu ávöxtun sem samþykkt er af Seðlabanka Íslands ef um endurhverf verðbréfa kaup er að ræða, en hæstu ávöxtun sé um að ræða endurhverfa verðbréfasölu eða sölu innstæðubréfa (hollensk uppboðsaðferð).

Út frá ávöxtun tekinna tilboða skal reiknuð forvaxtaþrósenta með tveimur aukastöfum til notkunar við vaxtaútreikning. Þegar F er forvaxtaþrósenta, A ávöxtun, d dagafjöldi frá og með kaupdegi að gjalddaga, hattur (^) táknar veldi, stjarna (*) margföldun og skástrik (/) deilingu, gildir þessi jafna:

$$F = [1 - 1/(1+A/100)^{(d/360)}] * 36000/d$$

3.1 Almenn ákvæði verðbréfavíðskipta gegn endurkaupasamningi.

Seðlabanki Íslands og þeir aðilar, sem gera tilboð sem verða samþykkt, þurfa að gera með sér sérstakan samning hverju sinni þar sem fram kemur m.a.:

- a) Lýsing á verðbréfum sem notuð eru í víðskiptunum. Fram komi m.a. heiti bréfanna, eftirstöðvatími svo og upphafs- og lokaverð víðskiptanna, sbr. lýsingu hér á eftir. Með lokaverði er átt við endurgreiðsluna, þ.e. þá fjárhæð sem seljandi greiðir kaupanda á endursöludegi. Upphafsverð er lokaverð að frádregnum forvöxtum. Lokaverð er markaðsverð verðbréfanna að frádregnum hundradshluta sem ræðst af eftirstöðva-tíma bréfanna:

Frádrag frá markaðsverði verður:

- 2% af verðbréfum þar sem eftirstöðvatími er styttri en eitt ár.
- 5% af verðbréfum þar sem eftirstöðvatími er 1 til 5 ár.
- 7% af verðbréfum þar sem eftirstöðvatími er lengri en 5 ár.

Ekki skal beitt frádragi þegar Seðlabankinn er seljandi verðbréfa.

Með markaðsverði er átt við verð í síðustu víðskiptum á síðasta víðskiptadegi fyrir uppboð á Verðbréfaþingi Íslands hf. hvort sem um er að ræða sölu Seðlabanka Íslands eða kaup. Sé slíkt verð ekki fyrir hendi skal miða við lægsta kaupverð þann dag.

- b) Ákvæði um að kaupandi bréfanna eigi rétt á að selja þau fyrir eigin reikning verði ekki staðið við endurkaup þeirra á lokadegi viðskiptanna.
- c) Ákvæði um geymslustað bréfanna, sem getur verið í Seðlabanka Íslands eða hjá seljanda, enda lýsi hann yfir að hann felli sig við eftirlit ytri endurskoðanda með geymslunni.

4. Daglán.

Seðlabanki Íslands veitir lánastofnun daglán gegn handveði ef hún óskar þess og skal umsókn um slíkt lán berast á sérstöku eyðublaði þar sem fram kemur m.a. að Seðlabanki Íslands taki að handveði skráð ríkistryggð verðbréf og innstæðubréf Seðlabankans sem eru í vörslu hans. Hæfir verðbréfaflokkar eru taldir upp í viðauka við reglur þessar og er hann breytanlegur af hálfu Seðlabankans án fyrirvara. Fjárhæð útistandandi daglána skal þó aldrei vera hærri en níutíu hundraðshlutar af markaðsverði handveðsettra verðbréfa skv. lið 3.1. Beiðni um daglán skal berast peningamálsviði Seðlabanka Íslands fyrir kl. 15.00, og handveðsetningu skal lokið fyrir kl. 16.00, ef afgreiðsla á að fara fram samdægurs. Sé afgreiðslu Seðlabanka og innlánsstofnana lokað kl. 12.00 skal beiðni um daglán berast fyrir kl. 11.30 og handveðsetningu lokið fyrir kl. 12.00. Daglán bera forvexti. Samningstíminn er einn dagur. Sé afgreiðsla Seðlabankans og innlánsstofnana lokuð á gjalddaga frestast hann til næsta viðskiptadags. Seðlabankinn skuldar viðskiptareikning lántaka í Seðlabankanum fyrir gjaldfallinni fjárhæð dagláns sé innstæða fyrir hendi á hlutaðeigandi viðskiptareikningi á þeirri stundu. Sé innstæða ekki fyrir hendi ber lántaka að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja endurgreiðslu daglánsins. Seðlabankanum er jafnan heimilt að halda í sinni vörslu sem handveði nægjanlegri fjárhæð hæfra verðbréfa til tryggingar teknu dagláni hlutaðeigandi lántaka þar til tryggt er að slíkt lán hafi að fullu verið endurgreitt. Handveð fyrir dagláni sem vaxtafært er með gildistöku þann dag sem yfirdráttur telst hafa myndast og vegna ójafnaðs uppgjörs greiðslumiðlunar skal vera að lágmarki einn bankadag í vörslu Seðlabanka Íslands. Kjör daglána skulu tilkynnt fyrirfram þeim lánastofnunum sem aðgang hafa að þeim. Seðlabankinn getur breytt kjörum eða takmarkað aðgang lánastofnana að daglánum án fyrirvara.

5. Verklagsreglur.

Ef reglulegur gjalddagi afborgana og vaxta fellur á daga sem afgreiðsla Seðlabankans og innlánsstofnana er lokuð færast hann til næsta viðskiptadags. Gera má ráð fyrir í lánssamningum að vaxtatímabil geti verið mislangt sem þessu nemur.

Það er meginregla að ekki skal vaxtafæra („validera“) innborganir á reikninga í Seðlabankanum á öðrum degi en þegar þær eiga sér stað. Til slíkra vaxtafærslna á eingöngu að grípa þegar leiðrétt á skekkjur, t.d. færslumistöð af hálfu Seðlabankans og til að loka neikvæðri stöðu sem kann að hafa myndast á viðskiptareikningi lánastofnunar í Seðlabankanum, sbr. lið 1.3 að framan.

Almenn vaxtaregla er 30/360 í framangreindum tölulíðum nema í 1.3 og 4. lið þar sem stuðst er við regluna raun/360.

6. Tilkynningar.

Tilkynningar lánastofnana til Seðlabanka Íslands um fjárhagsleg atriði, sem um er fjallað í reglum þessum, er heimilt að senda með símbréfi að því tilskildu að slík bréf beri undirritun þeirra, sem hafa heimild til að skuldbinda hlutaðeigandi stofnun, sbr. 7. tl. 39. gr. laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. enn fremur lista yfir aðila ásamt rithandarsýnishornum þeirra. Seðlabanki Íslands krefst þess að lánastofnun staðfesti á tryggan hátt, t.d. með símtali, þegar tilkynning er send með símbréfi. Sama regla gildir um tilkynningar Seðlabanka Íslands til lánastofnana.

Þær lánastofnanir sem hafa ekki komið sér upp undirskriftalistum yfir þá aðila, sem hafa heimild til að skuldbinda hlutaðeigandi stofnun, sbr. áðurgreind lög um viðskiptabanka og sparisjóði, skulu staðfesta sérstaklega undirskriftir hlutaðeigandi starfsmanna gagnvart Seðlabanka Íslands.

7. Útilokun viðskipta.

Seðlabankinn getur án fyrirvara útilokað lánastofnun frá frekari viðskiptum samkvæmt reglum þessum hafi hún ekki hlítt ákvæðum þessara reglna.

8. Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli 6. og 7. gr. laga nr. 36/1986 með áorðnum breytingum, taka gildi 13. febrúar 2001. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands nr. 50 frá 24. janúar 2000.

Reykjavík, 13. febrúar 2001.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísleifur Gunnarsson.

Eiríkur Guðnason.

VIÐAUKI

með reglum um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur ákveðið með tilvísan til reglna um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands, nú frá 13. febrúar 2001, að eftirfarandi verðbréfaflokkar séu hæfir til endurhverfra verðbréfavíðskipta og sem trygging vegna daglána til viðkomandi lánastofnana.

RIKS 02 0401	IBH 20 0115
RIKS 03 0210	IBH 21 0115
RIKS 04 0410	IBH 22 1215
RIKS 05 0410	IBH 36 0115
RIKS 10 0115	IBH 37 1215
RIKS 15 1001	IBN 20 0101
Innstæðubréf SÍ	IBN 38 0101
Ríkisvixlar	LAND 97 1
Ríkisbréf	LAND 98 1
IBH 16 0115	STOL 98 1A
IBH 18 0415	

Reykjavík, 13. febrúar 2001.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísleifur Gunnarsson.

Eiríkur Guðnason.